



Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	22.02.2017
Málalýklili	9.32
Mál nr.	1702333

Hafnarfirði 15. febrúar 2017
málsnr. 1608030

Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Efni: Aðalskipulag Hafnarfjarðar breyting vegna vatnsverndarmarka til samræmis við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðis.

Í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sendist hér með Garðabæ upplýsingar um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar vegna vatnsverndarmarka.

Tillagan var auglýst samkvæmt 31. grein skipulagslaga nr. 123/2010 í Fréttablaðinu og á heimasíðu Hafnarfjarðar með athugasemdarfresti til 10. janúar 2017. Athugasemdir bárust.

Erindið var tekið fyrir á fundi Skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar þann 24. janúar 2017 með eftirfarandi bókun:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 23. nóvember 2016 breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar dags. 12.05.2016, 2013-2025 fyrir breytingu á mörkum vatnsverndar í landi Hafnarfjarðar, og hún auglýst í samræmi við 1. mgr. 36.gr. laga 123/2010. Athugasemdarfrestur er liðinn. Lagðar fram athugasemdir sem bárust. Athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum: Náttúruverndarsamtk Suðvesturlands dags. 10.01.2017, Lárusi Vilhjálmssyni dags. 10.01.2017. og Hraunavinum dags. 09.01.2017. Lögð fram drög að svörum við athugasemdum. Ívar Bragason lögmaður hjá Hafnarfjarðarbæ mætti til fundarins vegna þessa máls.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir fyrirliggjandi umsagnir við athugasemdum og skipulagið fyrir sitt leyti og leggur til við bæjarstjórn: "Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir fyrirliggjandi breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og að málinu verði lokið í samræmi við 2. mgr. 32. gr. laga nr. 123/2010

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti afgreiðslu skipulags-og byggingarráðs á fundi sínum þann 15. febrúar 2017 með eftirfarandi bókun:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir samhljóða með 11 greiddum atkvæðum fyrirliggjandi breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og að málinu verði lokið í samræmi við 2. mgr. 32. gr. laga nr. 123/2010.



HAFNARFJÖRÐUR

Sveitarfélaginu Garðabæ er tilkynnt hér með um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar.
Nánari upplýsingar má nálgast á umhverfis- og skipulagssviði.

Berglind Guðmundsdóttir

Berglind Guðmundsdóttir

Landslagsarkitekt íla Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar

Norðurhelli 2 | 221 Hafnarfjörður
Sími 585 5619 | GSM 664 5619

Hjálagt:

Hafnarfjarðarbær | Skipulags- og byggingarsvið | Norðurhelli 2 | 221 Hafnarfjörður | Sími 585 5500 | kt. 590169-7579 | www.hafnarfjordur.is

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026